

Veistu hvað þessi hættutákn merkja?



HÆTTUTÁKN Á VARASÖMUM EFNUM



Táknin sem notuð eru til merkingar á efnavörum hafa breyst. Hægt er að fyrirbyggja meiðsli og sjúkdóma á vinnustað með því að læra merkingu táknanna.

Efnavörur á borð við hreinsiefni, málningu og fleira eru notaðar daglega á vinnustöðum — ekki einungis í verksmiðjum, heldur einnig í byggingarvinnu og á skrifstofum. Reglugerð Evrópusambandsins frá árinu 2009 um **flokkun,merkingu og pökkun (CLP)** kynnti til sögunnar ný hættutákn. Tígullaga tákn gefa til kynna þær hættur sem orsakast af notkun hættulegra efna eða efnablandna. Á merkimiðum fylgja þessum táknum ábendingarorð, hættulýsingar, forvarnarorð og upplýsingar um vöruna og dreifingaraðila hennar.

Láttu Napo kenna þér hvernig viðhalda skal öryggi á vinnustaðnum þínum!

Horfðu á „Napo í... Hætta: Efni!“ á <http://www.napofilm.net/is/napos-films/chemicals>



Efni sem merkt eru með þessum táknum táknna:

- ◇ Gas undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun
- ◇ Kælt gas, getur valdið frostsárum eða skaða
- ◇ Uppleyst gös



Gas sem er talið öruggt getur verið hættulegt undir þrýstingi.

Þetta hættutákn á við **sprengiefni, sjálfhvarfgjörn efni og lífræn peroxíð** sem geta valdið sprengingu við upphitun.



Gerðu þér grein fyrir merkingu þessara tákna þar sem þau eru svipuð. Þetta merki táknar **eldfim gös, úða, vökva og fastefni**:

- ♦ Sjálfhitunarefni og -blöndur
- ♦ Loftkveikjandi vökvar og fastefni sem **kviknað getur í efnið komast í snertingu við loft**
- ♦ Efni og blöndur sem **gefa frá sér eldfim gös ef þau komast í snertingu við vatn**
- ♦ Sjálfhvarfgjörn efni eða lífræn peroxíð sem **kviknað getur í við upphitun**



Ef þetta tákn er á merkimiða efnisins þýðir það að þú meðhöndlar **ildandi, íkveikjandi gös, fastefni og vökva**, sem geta **valdið eldsvoða eða magnað hann upp og valdið sprengingum**.



Ef þetta tákn er á efni eða blöndu þýðir það að efnið:

- ♦ **Er krabbameinsvaldandi**
- ♦ **Hefur áhrif á frjósemi og börn í móðurkviði**
- ♦ **Veldur stökkbreytingum**
- ♦ Er öndunarfaræmismir sem getur valdið **ofnæmi, asma eða öndunarörðugleikum við innöndun**
- ♦ **Hefur eitúrahrif á ákveðin líffæri**
- ♦ Er eitrið við innöndun, **getur valdið dauða eða líkamsskaða við inntöku eða innöndun**



Hafðu í huga að þú ert að meðhöndla efni sem er **afar eitrið** ef það kemst í snertingu við húð, við innöndun eða inntöku. Efnið getur jafnvel valdið **dauða**.



Þegar þú meðhöndlar efni sem ber þetta hættumerki, skaltu hafa í huga að efnið er **ætandi** og getur valdið **alvarlegum húðsárum og augnskaða**. Efnið er einnig **ætandi fyrir málma**.



Þetta tákn merkir eitt eða fleira af eftirfarandi:

- ♦ **Afar eitrið (skaðvænlegt)**
- ♦ **Veldur húðnæmi, ertingu á húð og augum**
- ♦ **Veldur ertingu á öndunarfarum**
- ♦ **Veldur eitúrahrifum, syfju eða svima**
- ♦ **Hættulegt fyrir ósonlagið**



Þetta tákn merkir að efnið er **hættulegt fyrir umhverfið** og veldur **eitrun á lífríki í vatni**.



Napo er aðalpersóna teiknimynda sem gerðar voru til að kynna öryggi og heilsu á vinnustöðum á skoplegan og eftirminnilegan hátt. Napo-myndirnar leggja áherslu á þær hættur sem eru til staðar á vinnustöðum, hvernig hægt sé að bera kennsl á þær og hvað hægt sé að gera til að bæta öryggi og heilsu á vinnustöðum. www.napofilm.net

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) styður framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í átaki sínu til að breyta merkingum efna fyrir starfsfólk og vinnuveitendur sem komast í snertingu við þau á vinnustað sínum.

Fyrir nánari upplýsingar skaltu fara á <http://osha.europa.eu/is/topics/ds/clp-classification-labelling-and-packaging-of-substances-and-mixtures>

<http://osha.europa.eu/en/general-faq/faq-on-dangerous-substances>

Þú getur einnig skoðað kaflann um flokkun, merkingu og pökkun (CLP) hjá Efnastofnun Evrópu (ECHA) á <http://echa.europa.eu/regulations/clp>

Stutt af Napo Consortium

